

# Indland: „risinn í austri“

## Leiðbeiningar fyrir kennara



Úr þáttaröðinni  
„Landafraeði á heimsvísu“

14 mínútna löng fræðslumynd  
á vef ætluð nemendum á mið-  
og unglingastigi.



Námsgagnastofnun

09070

## Markmið kennslunnar

Að hjálpa nemendum að öðlast skilning á:

- Áhrifum landslagsins, hafsins og fjallanna, þar á meðal á veðurfar í Indlandi.
- Hvernig trúarbrögð og stéttaskipting móta indverskt samfélag.
- Hinum gríðarlegu umhverfisvandamálum sem Indverjar standa frammi fyrir.
- Af hverju Indland er að verða eitt helsta efnahagslega stórveldi Asíu og heimsins.

## Innihald myndbandsins – Inngangur

Indland er stærsta lýðræðisríki heims, miðað við höfðatölu. Í dag eru þrisvar sinnum fleiri Indverjar með háskólapróf en Bandaríkjamenn og langflestir þeirra tala ensku sem er alþjóðlegt tungumál viðskiptalífsins. Landið er að vaxa úr grasi sem efnahagslegt stórveldi.

## Fyrsti kafli: Landslag og veðurfar

Landslag, sviptivindar, Indlandshafið og Himalajafjöllin eru allt áhrifavaldar á veðurfar í Indlandi. Árstíðirnar eru í raun þrjár: þurrkatímabil þegar hitastigið hækkar mikið og úrkoma er lítil eða engin, rigningatímabil með tilheyrandi monsúnregni sem kemur norður frá Indlandshafi og kuldatímabil þegar kaldir vindar blása suður yfir landið frá Himalajafjöllum – hæsta fjallgarði heims.

## Annar kafli: Trúarbrögð og stéttaskipting

Áttatíu prósent Indverja eru hindúar og trúarbrögð þeirra og hefðir eru útskýrðar. Þrettán prósent landsmanna eru múslimar. Öfgamenn úr þeirra röðum hafa beitt ofbeldi til að berjast fyrir sjálfstæði Kasmír-héraðs, þar sem múslimar eru í meirihluta en hluti héraðsins er undir stjórn Indverja. Þá hafa öfgamenn úr röðum síka barist fyrir sjálfstæði þar sem þeir eru fjölmennastir.

Indverska stéttakerfið byggist á því að fólki er skipt upp í nokkuð afmarkaða hópa eftir ætterni og menn erfa hlutverk sitt í samfélaginu frá foreldrum sínum. Ákveðin kynslóðaskipti hafa þó átt sér stað að þessu leyti, unga fólkið er ekki eins upptekið af hefðbundinni stéttaskiptingu. Þá eru almennt töluvert frjálslyndari viðhorf ríkjandi í stórborgunum en á landsbyggðinni.

Hefðbundin stéttaskipting var formlega afnumin og bönnuð samkvæmt stjórnarskrá eftir að Indverjar öðluðust sjálfstæði frá Bretum árið 1947 en reynst hefur erfitt að uppræta gamla fordóma í garð neðri stéttanna.

## Þriðji kafli: Þróun hagkerfisins

Þegar Indverjar öðluðust sjálfstæði frá Bretum voru það einfaldar hagfræðihugmyndir Mohandas Ghandi, hins fræga andlega og pólitíska leiðtoga, sem ruddu brautina fyrir efnahagslegu sjálfstæði Indlands. Á síðasta áratug tuttugustu aldarinnar aflétti ríkið hömlum sem settar höfðu verið á erlendar fjárfestingar og það laðaði að erlendan gjaldeyri og leiddi til stóraukinna milliríkjavíðskipta.

Indland er eitt þrettán ríkja í heiminum þar sem þjóðarframleiðsla nemur meira en einni trilljón Bandaríkjadollara á ári. Meira en helmingur þjóðarframleiðslunnar, eða um 54%, kemur frá þjónustugreinum – þar á meðal á sviði upplýsingatækni. Hlutfallið hefur aukist á síðustu árum og þannig færst nær því sem gerist í iðnríkjum.

Þjónustugeirinn hefur vaxið í krafti aukinnar menntunar og bættrar enskukunnáttu meðal vinnandi stétta landsins. Iðnaður er um 27% af þjóðarframleiðslu og landbúnaður 16% sem er mun meira en gerist í vestrænum iðnríkjum.

Langflestir Indverjar vinna við landbúnað en í iðnríkjum á borð við Bandaríkin er hlutfallið innan við 1%. Heimilisiðnaður og annar rekstur lítilla fyrirtækja er næststærsti atvinnuvegur landsins á eftir landbúnaði. Þar á eftir fylgir þjónustugeirinn og fjórði stærsti atvinnuvegur Indlands er stóriðja. Hagvöxtur Indlands hefur verið mikill og stöðugur síðustu ár.

### **Fjórði kafli: Umhverfismál**

Þótt mikill og vaxandi mannfjöldi hafi eflt efnahagslíf landsins er ljóst að hvorki umhverfið né grunnstoðir samfélagsins þola jafn öra fólksfjölgun til lengdar. Af þeim hundrað borgum í heiminum sem eru í hvað örustum vexti eru tuttugu og fimm á Indlandi og átta í Kína. Mikill fólksfjöldi og ör fólksfjölgun gera umhverfisvandamál Indlands aðeins erfiðari viðureignar og meira aðkallandi. Milljónir búa í kofum í útjaðri stórborga, loftmengun frá verksmiðjum og bílum er gríðarleg í borgunum og í sveitunum eru skógarhögg, landfok, ágangur búfænaðar og viðvarandi vatnsmengun vandamál. Vatnsmengunin er sérstaklega slæm í Ganges-ánni heilögu sem rennur norðan frá Himalajafjöllum niður í Bengalflóa í suðri – um fimmtíu milljónir manna búa á bökkum hennar. Gripið hefur verið til nokkurra úrræða til að takast á við þessi vandamál.

Nú þegar gríðarleg tækifæri eru að opnast fyrir Indverjum er ljóst að landið verður fljótlega eitt mikilvægasta stórveldi heims.

# Verkefni með mynd um Indland

## Hugmyndir að spurningum og verkefnum eftir að horft hefur verið á myndbandið

- 1** Hvaða stóra jarðfræðilega fyrirbæri til norðurs og hvaða haf, sem liggur fyrir sunnan landið, eru helstu áhrifavaldar á veðurfar í Indlandi?
- 2** Lýstu árstíðunum þremur á Indlandi (þurrkatímabilinu, rigningatímabilinu og kuldatímabilinu) og útskýrðu hvað veldur veðurbreytingunum.
- 3** Hver eru helstu umhverfisvandamál sem Indland stendur frammi fyrir í dag og hvað veldur þeim?
- 4** Hvað veldur því að áin Ganges er menguð og hvað er hægt að gera til að draga úr menguninni?
- 5** Útskýrðu stéttaskiptingu á Indlandi; hvaða áhrif hún hefur á samfélagið og þá samfélagshópa sem helst hafa snúið baki við gamla stéttakerfinu (yngri kynslóðin og íbúar stórborga).
- 6** Hver eru helstu gildi hindúatrúar?
- 7** Útskýrðu hvað olli einum eða fleiri ofbeldisfullum átökum sem tengdust bókstafs-trúuðum múslimum eða síkum.
- 8** Útskýrðu upphaf og þróun indverska hagkerfisins (fyrst með efnahagsstefnu Ghandis á árunum eftir sjálfstæði og síðar í kjölfar einkavæðingar á síðasta áratug síðustu aldar).
- 9** Hver var helsta arfleifð breska heimsveldisins til Indlands? (Lýðræði og ensk tunga.)
- 10** Hvaða atvinnuvegur skilar meira en helmingi þjóðarframleiðslu Indlands? (Þjónustugeirinn og þar skiptir upplýsingatækni mestu máli.) En við hvað vinna flestir Indverjar? (Landbúnað.)
- 11** Sem dæmi um þjónustustörf má nefna störf í bönkum og við upplýsingatækni. Nefndu dæmi um önnur þjónustustörf. Hvaða hlutverki gegna þau í nútímasamfélagi?

## Hugmyndir að spurningum og verkefnum eftir að horft hefur verið á myndbandið

- 1 Hvaða stóra jarðfræðilega fyrirbæri til norðurs og hvaða haf, sem liggur fyrir sunnan landið, eru helstu áhrifavaldar á veðurfar í Indlandi? (Svar: Himalajafjöllin og Indlandshaf.)
- 2 Lýstu árstíðunum þremur á Indlandi (þurrkatímabilinu, rigningatímabilinu og kuldatímabilinu) og útskýrðu hvað veldur veðurbreytingunum. (Svar: *Á þurrkatímabilinu hækkar hitastigið mikið og úrkoma er lítil eða engin. Síðan fylgir rigningatímabil með tilheyrandi monsunregni sem kemur norður frá Indlandshafi. Að lokum kemur kuldatímabil þegar kaldir vindar blása suður yfir landið frá Himalajafjöllunum.*)
- 3 Hver eru helstu umhverfisvandamál sem Indland stendur frammi fyrir í dag og hvað veldur þeim? (Svar: *Mikill fólksfjöldi og ör fólksfjölgun gera umhverfisvandamál Indlands erfiðari viðureignar en ella. Meðal helstu vandamála eru loftmengun frá verksmiðjum og bílum í borgunum. Á landsbyggðinni eru skógarhögg, landfok, ágangur búfænaðar og vatnsmengun allt viðvarandi vandamál.*)
- 4 Hvað veldur því að áin Ganges er menguð og hvað er hægt að gera til að draga úr menguninni? (Svar: *Um 50 milljónir manna búa á bökkum árinna og mikið af úrgangi frá fólki, búfænaði og iðnaði rennur út í hana. Á allra síðustu árum hafa verið gerðar tilraunir til að bæta vatnsgæðin, meðal annars með því að byggja skólþreinsunarstöðvar og hvetja landsmenn til að umgangast ána með öðrum hætti en verið hefur.*)
- 5 Útskýrðu stéttaskiptingu á Indlandi; hvaða áhrif hún hefur á samfélagið og þá samfélagshópa sem helst hafa snúið baki við gamla stéttakerfinu. (Svar: *Þetta er í raun ritgerðarspurning. Mestu máli skiptir að fram komi að indverska stéttakerfið byggist á því að fólki er skipt upp í nokkuð afmarkaða hópa eftir ætterni og menn erfa hlutverk sitt í samfélaginu frá foreldrum sínum. Samkvæmt fornri trú sköpuðu sjálfir guðirnir mismunandi stéttir fólks og skilgreindu hlutverk þeirra í samfélagi manna á jörðinni. Eftir dauðann getur sál hvers og eins síðan endurfæðst ofar eða neðar í valdastiga þjóðfélagsins – eða jafnvel sem önnur dýrategund – allt eftir hegðun viðkomandi í fyrra lífi. Efst í stéttakerfinu eru prestar, stríðsmenn og leiðtogar. Í neðstu þrepunum eru verkamenn, hjáleigubændur og jafnvel svokallaðir „Dalítar“ sem hafa þurft að þola útskúfun úr samfélaginu öldum saman en neyðast samt til að vinna öll erfiðustu og ógeðfelldustu störfin sem fólk úr öðrum stéttum fæst ekki til að vinna. Hefðbundin stéttaskipting var formlega afnumin og bönnuð samkvæmt stjórnarskrá eftir að Indverjar öðluðust sjálfstæði frá Bretum árið 1947. Erfitt hefur þó reynst að uppræta gamla fordóma í garð neðri stéttanna Það er helst yngra fólk og íbúar stórborga sem hafa snúið baki við þessum hefðum en þær lifa góðu lífi á landsbyggðinni.*)
- 6 Hver eru helstu gildi hindúatrúar? (Svar: *Hindúar trúa á eitt almáttugt og síbreytilegt afl eða „algildan anda“. Hindúar líta svo á að þennan anda sé að finna innra með öllum lifandi verum; jafnt plöntum, dýrum og mönnum, og að hann geti holdgerst í formi mörg hundruð mismunandi Guða. Kyr eru heilagar í hindúasið og þeim er ekki slátrað til manneldis. Þær fá því að ganga lausar og eru nokkuð algeng sjón á götum úti. Margir hindúar eru grænmetisætur og borða alls ekkert kjöt.*)

- 7** Útskýrðu hvað olli einum eða fleiri ofbeldisfullum átökum sem tengdust bókstafstrúuðum múslimum eða síkum. (Svar: *Kasmír er nyrst á Indlandsskaganum og er eina hérað Indlands þar sem múslimar eru í meirihluta. Róttækir múslimar þar berjast fyrir sjálfstæði og hefur það leitt til blóðugra átaka.*)

*Trúarbrögð síka voru í raun stofnuð til að stuðla að sáttum á milli múslima og hindúa en síkar hafa síðan sætt ofsóknum af hálfu þeirra beggja. Gullna hofið í Armitsar er helgasta hof síka. Hópur strangtrúaðra og þungvopnaðra síka hertók hofið árið 1984 og lýsti yfir sjálfstæði frá indverska ríkinu. Indira Gandhi, þáverandi forsætisráðherra Indlands, skipaði hernum að gera áhlaup á hofið til að binda enda á uppreisnina og enduðu þær aðgerðir með miklu blóðbaði. Fjórum mánuðum seinna var Indira Gandhi ráðin af dögum af sínum eigin lífvörðum, sem voru síkar. Það leiddi til uppþota um allt landið.*)

- 8** Útskýrðu upphaf og þróun indverska hagkerfisins. (Svar: *Einföld efnahagsstefna Ghandis var allsráðandi á árunum eftir sjálfstæði en hún byggðist að mestu leyti á miðstýringu. Einkavæðing helstu ríkisfyrirtækja fylgdi í kjölfarið nokkru seinna og á síðasta áratug síðustu aldar aflétti ríkið hömlum sem settar höfðu verið á erlendar fjárfestingar. Það laðaði að erlendan gjaldeyri og leiddi til stóraukinna milliríkjavíðskipta.*)
- 9** Hver var helsta arfleifð breska heimsveldisins til Indlands? (Svar: *Lýðræðishefðin og almenn enskukunnátta er líklega tvennt það mikilvægasta sem breska heimsveldið skildi eftir sig á Indlandi.*)
- 10** Hvaða atvinnuvegur skilar meira en helmingi þjóðarframleiðslu Indlands? (Svar: *þjónustugeirinn og þar skiptir upplýsingatækni mestu máli.*) En við hvað vinna flestir Indverjar? (Svar: *Landbúnaðarstörf.*)
- 11** Sem dæmi um þjónustustörf má nefna störf í bönkum og við upplýsingatækni. Nefndu dæmi um önnur þjónustustörf. (Svar: *Það er ógjörningur að telja upp öll möguleg störf sem talist gætu til þjónustugeirans en meðal annars má nefna verslunarstörf og störf tengd ferðamennsku.*) Ræðið hvaða hlutverkum þessi störf gegna í nútímasamfélagi.